

Ísafjarðarbær
Kristján Þór Kristjánsson, forseti bæjarstjórnar,
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 30. mars 2021

Málefni: Réttur til virkjunar alls jarðhita í landi Reykjaness.

Með afsali Ísafjarðarbæjar frá 1. desember 1978 afsalaði bærinn „öllum rétti til virkjunar vatnsafls, jarðhita eða fallvatns, sem bærinn átti í löndum sínum eða annars staðar“ til Orkubús Vestfjarða. Undir það afsal féll allur réttur til virkjunar alls jarðhita jarðarinnar Reykjaness í Súðavíkurbreppi, L141585.

Öll lögfræðileg álitafni varðandi gildi þess afsals voru endanlega til lykta leidd með dómi Landsréttar hinn 21. febrúar 2020 í málinu nr. 334/2019: Ísafjarðarbær gegn Orkubúi Vestfjarða. Sá dómur staðfesti gildi afsalsins frá 1. desember 1978 um að allur réttur til virkjunar vatnsafls og jarðhita væri eign Orkubúsins.


Orkubú Vestfjarða ohf. hefur um nokkurt skeið verið í samningaviðræðum við Ferðapjónustuna í Reykjanesi ehf. um jarðhitaorku til þess félags. Nú hefur lögmaður fyrirtækisins ritað bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar bréf dags. 18. mars 2021, með afriti til Orkubús Vestfjarða. Ferðapjónustan í Reykjanesi ehf. dregur í efa heimildir Orkubús Vestfjarða ohf. til jarðhita jarðarinnar. Auk þess eru ýmsar aðrar staðreyndavillur í bréfinu sem þarfnast leiðréttingar.

Afstaða Ferðapjónustunnar í Reykjanesi ehf. byggist væntanlega á því að fyrir uppkvaðningu framangreinds dóms Landsréttar hinn 21. febrúar 2020 taldi Ísafjarðarbær til réttar, virkjun jarðhitans á jörðinni.

Orkubú Vestfjarða ohf. óskar hér með eftir og telur brýnt að Ísafjarðarbær staðfesti að Orkubúið sé eigandi alls réttar til virkjunar jarðhita jarðarinnar Reykjaness á grundvelli afsalsins frá 1. desember 1978 með vísan til dóms Landsréttar í málinu nr. 334/2019.

Óskað er eftir því að afgreiðslu þessa máls verði hraðað eins og kostur er.

F.h. Orkubús Vestfjarða ohf


Elías Jónatansson, orkubússtjóri